

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Selhrauns suður.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar, á fundi sínum 1. júlí síðastliðinn breytingu á deiliskipulagi Selhrauns suður. Breytingin felst í að á Norðurhelli 13-19 er heimilað að vera með 67 íbúðir í þegar byggðum húsum. Á lóðunum er gert ráð fyrir leiksvæðum, sorp- og hjólageymslum. Við Suðurhelli 12-20 er gert ráð fyrir 132 íbúðum í fimm nýjum fjölbýlishúsum, 4-6 hæða. Á lóðunum er gert ráð fyrir leiksvæðum, sorp- og hjólageymslum. Bílageymslur eru undir húsum við Suðurhelli 14-18.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá málsmeðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 5. júlí 2022.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Anna Margrét Tómasdóttir** verkefnastjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 5. júlí 2022